

Lost Millennials

Velkomin í loka fréttabréf Lost Millennials rannsóknarverkefnisins! Lesið áfram til að fræðast um lokaráðstefnu verkefnisins og megin niðurstöður.

Við vonum að þið hafið gagn og gaman af síðasta fréttabréfs okkar!



Um verkefnið

Verkefnið miðar að því að efla farsæla þátttöku 25+ NEETs á vinnumarkaði, í menntun og þjálfun og á sama tíma að bæta matsaðferðir á vinnumarkaðsverkefnum sem snúa að 25+ NEETs. Auk þess miðar verkefnið að auknum skilning á áhrifum menntunar og/eða starfsþjálfunarúrræða og því að efla getu hagsmunaaðila til að mæla árangur þeirra.



Markhópur

The Lost Millennials verkefnið beinist að ákveðnum hópi þúsaldarkynslóðarinnar (Millennials), ungu fólk á aldrinum 25-29 ára sem er ekki í vinnu eða menntun og þjálfun skammstafað NEETs



RANNSAKENDUR



SÉRFRÆÐINGAR Á SVIÐI
ÁHIRFAMATS



VINNUMARKAÐSMÁLUM



FAGFÓLK ÚR STJÓRNSÝSLU OG
FÉLAGASAMTÖKUM



UNGT
FÓLK

Lost Millennials



Lokaráðstefna verkefnisins

The Lost Millennials verkefnið náði nýlega mikilvægum áfanga með niðurstöðu lokaráðstefnunnar, „Lost and Found: Reimagining Europe's Employment Policies“, sem haldinn í Brussel 28. nóvember 2023. Verkefnið, sem styrkt var af Íslandi, Liechtenstein og Noregi í gegnum Styrktarsjóð EES og Noregs fyrir ungmennavinnu, og var tileinkuð aðlögun 25+ NEET á vinnumarkaði með því að auka þekkingu á áhrifunum atvinnuátaksverkefna. Ráðstefnan var mikilvægur vettvangur fyrir stefnumótendur, rannsakendur og sérfræðinga til að ræða brýnar spurningar tengdar atvinnumálum ungs fólks í Evrópu.

Luca Koltai frá HETFA Research Institute og Alexander Gerganov frá Center for the Study of Democracy opnuðu ráðstefnuna og síðan flutti Nora Mehse, sviðs- og dagskrárstjóri fjölþjóðlegs samstarfs um jafnréttismál, réttlæti og mannsæmandi vinnu hjá EEA and Norway Grants, framsögu. Juliet Tschank og Stella Wolter frá Center for Social Innovation kynntu niðurstöður þverþjóðlegrar rannsóknarskýrslu um helstu áskoranir 25+ NEETs og kerfisbundna áhrifa- og áhættuþætti.

Hringborðsumræður ráðstefnunnar beindust að skilvirkni núverandi áætlana og verkefna sem miða að því að styðja ungmenni; að kanna þær áskoranir sem 25+ NEETs hópurnir stendur frammi fyrir um alla Evrópu, meðal annars út frá kynjasjónarmiðum, lýðfræðilegum þáttum og gjá milli dreifbýlis og þéttbýlis. Lokahringborðið bauð upp á dýrmæta innsýn í mikilvægi samræmds mats á verkefnum sem ætlað er að styðja ungt fólk. Auk þess sem ræddir voru hápunktar úr niðurstöðum matsverkefna sem framkvæmd voru á tímabilinu.

Mikilvægi viðburðarins fólst bæði í því að fagna að verklokum, en ekki síður þeim uppbyggilegu samræðum sem það kveikti. Þessar umræður áttu mikilvægan þátt í áframhaldandi umræðu um stöðu ungmenna á vinnumarkaði í Evrópu og við vonum til þess að halda áfram þeirri umræðu þrátt fyrir að þessu rannsóknarverkefni sé nú að ljúka

Lost Millennials



Rannsóknarniðurstöður Lost Millennials verkefnisins

Í gegnum verkefnið hafa samstarfsaðilarnir gert veigamiklar rannsóknir á aðstæðum og áskorunum 25+ NEET hópsins, og því hvernig stefnumótunarsamhengi hefur áhrif á útkomur, kortlagt núverandi inngrip sem snúa að þessum hópi, sem og þær matsaðferðir sem þegar eru notaðar, og lagt mat á inngrip sem beinast að 25+ NEETs hópnum. Að auki voru gerðar greiningar á áhrifum COVID-19 faraldursins á þennan tiltekna hóp. Einnig hafa þátttakendur verkefnisins einnig þróað ráðleggingar um stefnumótun og framkvæmd sem byggja á lærdómum verkefnisins.



Niðurstöður þessarar rannsóknarstarfsemi eru aðgengilegar á vefsíðu verkefnisins, sem hér segir:

- 1.** Fjölbjóðleg rannsóknarskýrsla um stöðu 25+ NEET í ESB og í styrkþegalöndum.
- 2.** Greining á samhengi stefnumótunar í málefnum 25+ NEET: Landsskýrslur og samantektarskýrsla.
- 3.** Kortlagning stuðningsverkefna sem snúa að 25+ NEET: Landsskýrslur og samantektarskýrsla.
- 4.** Kortlagning matsaðferða: Landsskýrslur og samantektarskýrsla.
- 5.** Landsskýrslur um mat á völdum stuðningsverkefnum sem fjalla um 25+ NEET í styrkþegalöndum.
- 6.** Samantektarskýrsla um mat á verkefnum sem taka á 25+ NEET.
- 7.** Áhrif COVID-19 faraldursins á stöðu 25+ NEET: Landsskýrslur og samantektarskýrsla.
- 8.** Stefnumótunarleiðarvísir fyrir hvert land sem hafði stöðu styrkþega.
- 9.** Leiðir að virkni á vinnumarkaði: Að móta árangursríka stefnu fyrir 25+ NEET í Evrópu – Fjölbjóðlegur leiðarvísir um stefnumótun.

Lost Millennials



Leiðandi rannsakandi



HETFA Research Institute Ltd
Lead Partner

Rannsóknarstyrkir



Slovak Business Agency
Slóvakía



Evidence Institute Foundation
Pólland



Sapientia University of Cluj Napoca
Rúmenía



Center for the Study of Democracy
Búlgaría



University of Burgos
Spánn



Binda Consulting International Ltd
Möltá



Institute for structural policy
Tékkland



Institute of Entrepreneurship
Development
Grikkland

Rannsóknarráðgjöf



Zentrum für Soziale Innovation
GmbH|Centre for Social Innovation
Austurríki



Bifröst University
Ísland



Demos Research
Institute oy
Finlandi



Nord University
Noregi

